



LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ

Sóttvarnalæknir

# FARSÓTTAFRÉTTIR

6. árg. 5. tölublað. Nóvember – desember 2010.

## EFNI:

Bls. 1  
Berklar á Íslandi 2010

Bls. 2  
Fyrstu influensu-tilfelli ársins

### Ritstjórn

Haraldur Briem  
sóttvarnalæknir, ábm.  
Ása St. Atladóttir  
Guðrún Sigmundsdóttir  
Þórolfur Guðnason

### Ritstjóri

Jónína M. Guðnadóttir

### LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ

### SÓTTVARNALÆKNIR

Austurströnd 5  
170 Seltjarnarnes  
Sími: 510 1900  
Bréfasími: 510 1920

Netfang: [mottaka@landlaeknir.is](mailto:mottaka@landlaeknir.is)  
Veffang: [www.landlaeknir.is](http://www.landlaeknir.is)


Heimilt er að nota efni þessa fréttabréfs, sé heimildir getið.

## BERKLAR Á ÍSLANDI 2010

Á árinu sem er að líða hafa óvenju margir greinst með berkla hér á landi miðað við undanfarin ár, eða 21 sjúklingur (mynd 1). Af þeim eru 16 (71%) af erlendu bergi brotnir (mynd 2). Þeir sem greinst hafa á árinu eru á aldrinum 20–70 ára, meðalaldur er 34

ár. Ekki hefur orðið vart fjölónæmra berkla á árinu. Einn Íslendingur greindist með nautgripaberkla (*Mycobacterium bovis*). Ekki er ljóst hvernig smitið bar að og ekki er vitað til þess að berklar herji á nautgripi hér á landi um þessar mundir.

Berklar í nautgripum, sem eru vandamál víða um heim, komu upp á skólábúinu að Hólum í Hjaltadal 1958. Talið var að danskur fjósamaður hefði borið smitið, en hann var farinn af staðnum þegar sjúkdómsins varð vart. Margar kýr á búinu sýndu einkenni berklasmits og að endingu




var öllum nautgripum á staðnum fargað. Notuð var ógerilsneydd mjólk á staðnum og smituðust a.m.k. tveir nemendur og var það reyndar kveikjan að því að sjúkdómurinn uppgötvaðist. Nautgripaberklar eru því svokölluð súna (*zoonosis*), en það er sjúkdómur sem er sameiginlegur dýrum og mönnum. Ekki hefur orðið vart við nautgripaberkla í nautgripum né í mönnum hér á landi frá árinu 1958.

### Berklafaraldurinn á síðustu öld

Berklafaraldurinn náði hámarki á Íslandi í upphafi 4. áratugar síðustu aldar. Eftir það dró jafnt og þétt úr nýgengi sjúkdómsins og dánartíðni af völdum hans, einkum eftir að berklalyf komu til sögunnar. Hér á landi var aldrei gripið til almennra bólusetninga gegn berklum, en þáverandi berklalyfirlæknir taldi að hin mikla rénun sem varð á berklum eftir seinni heimstyrjöldina ásamt efasemdum um vernd bólusetningarinnar gegn sýkingu og aukaverkunum bóluefnisins réttlættu ekki almenna bólusetningu. Þar að auki var bent á mikilvægi berklahúðprófsins

(Framhald bls. 2)

Mynd 2. Uppruni berklaveikra - fjöldi tilfella 2010



*Um miðjan  
9. áratug síðustu  
aldar var svo komið  
að nánast engin  
börn á skólaaldri  
greindust  
með berklasmit.*

til að fylgjast með útbreiðslu veikinnar, en almenn bólusetning var talin draga úr getu prófsins til að finna nýsmit. Fylgst var með útbreiðslu berklasmits í samfélaginu með því að berklahúðprófa börn á aldrinum 6–16 ára í skólum. Þeim sem greindust með berklasmit fækkaði jafnt og þétt og var svo komið um miðjan 9. áratug síðustu aldar að nánast engin börn á skólaaldri greindust með smit. Í kjölfar þessarar niðurstöðu var almennum berklahúðprófum í skólum hætt. Berklapróf eru þó eftir sem áður mikilvægt tæki til að finna berklasmít hjá þeim sem lifa í nánnum samvistum við berklasjúklinga.

Berklapróf meðal þeirra sem hyggjast setjast hér að afmarka annan áhættuhóp. Í gildi eru verklagsreglur sem varða læknisskoðun meðal þeirra sem sækja um dvalarleyfi hér á landi. Þar er kveðið á um að dvalarleyfisum-sækjendur frá Mið- og Suður-Ameríku, þ.m.t. Mexíkó, Evrópu utan Evrópska efnahagssvæðisins (EES), Asíu eða Afríku skulu gangast undir læknisrannsókn vegna sótt-næmra sjúkdóma. Berklahúðpróf skal gera hjá þeim sem eru 35 ára og yngri. Bendi húðpróf til berklasmits skal taka röntgenmynd af lungum. Röntgenmynd skal tekin af þeim sem eru eldri en 35 ára. Ef fólk hyggst dvelja hér á landi skemur en eitt ár má takmarka berklaskoðun við röntgenmynd af lungum.

Á undanförunum áratugum hefur hlutur innflytjenda til landsins meðal berklaveikra farið vaxandi. Nú sem fyrr eru Asíubúar hlutfallslega flestir meðal berklaveikra, en tíðni jákvæðra berklaprófa meðal íbúa frá Afríku, Asíu og Austur-Evrópu er einnig há. Ljóst er að ekki næst til allra innflytjenda í læknisskoðun við komu til landsins. Því er afar brýnt að heilsugæslustöðvar hafi í huga berkla þegar fólk sækir læknisþjónustu vegna einkenna sem gætu bent til berkla.

Göngudeild sóttvarna við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins gegnir mikilvægu hlutverki sem tengiliður við aðrar heilbrigðisstofnanir og við að rekja berklasmít í samfélaginu þegar berklatilfelli greinast. Haft er upp á öllum þeim sem hafa haft nán samskipti við berklasjúkling og þeir berklaprófaðir. Sýni prófið merki um berklasmít er gefin fyrirbyggjandi lyfjameðferð gegn berklum. Þannig má fækka berklatilfellum og þar með smitsemi. Mikilvægt er að hafa í huga að berklasmít jafngildir ekki berklasjúkdómi, en talið er að 10% þeirra sem smitast fái sjúkdóminn.

*Haraldur Briem*

- 1 Sigurðsson S. Um berklaveiki á Ísland. *Læknablaðið* 1976; 62: 3-50.
- 2 Gunnbjörnsdóttir M et al. Nýgengi og algengi jákvæðra berklaprófa meðal skólabarna. *Læknablaðið* 1996; 82: 690-698.
- 3 Thorvaldsson S., Blöndal Th, Briem H. Berklar hjá innflytjendum á Íslandi. *Læknablaðið* 1997; 83: 810-816.

*Um 30 manns hafa  
látist af völdum  
inflúensu að  
undanförnu í  
nágrannalöndum  
okkar, flestir undir  
65 ára aldri og  
óbólusettir.*

## FYRSTU INFLÚENSUTILFELLI ÁRSINS

Í lok desember 2010 greindust fyrstu þrjú tilfelli af inflúensu á árinu. Af þeim reyndust tveir á þrítugsaldri vera sýktir af inflúensu A(H1N1) 2009 (svínainflúensu) en einn með inflúensu A(H3N2). Enn sem komið er hefur ekki fjölgað einstaklingum sem leita með inflúensulík einkennum til heilsugæslunnar, á Læknavaktina eða á bráðamót-tökur sjúkrahúsa.

Ætla má að önnur bylgja svínainflúensu sé að hefjast hér á landi, en vonir standa til að hún nái ekki mikilli útbreiðslu þar sem um helm-ingur þjóðarinnar hefur verið bólusettur gegn henni. Nokkuð er farið að bera á inflúensu í nágrannalöndum okkar, einkum á Englandi, þar sem hún veldur töluverðum veikindum. Um 30 manns hafa látist af völdum hennar að undanförunu, flestir undir 65 ára aldri og óbólusettir. Svínainflúensan er

algengust, en einnig hafa greinst árstíða-bundnir inflúensustofnar. Sóttvarnalæknir mælir því með að allir (6 mánaða og eldri), sem ekki hafa verið bólusettir gegn svínainflúensu og hafa ekki fengið staðfesta svínainflúensu, verði bólusettir með bóluefni gegn svínainflúensu (Pandemrix). Óþarfi er að bólusetja aftur þá sem voru bólusettir með Pandemrix í fyrra. Mælt er með að bólusetja áhættuhópa gegn árlegri inflúensu með bóluefni, sem einnig veitir vörn gegn svínainflúensu (Fluarix), þ.e. alla 60 ára og eldri, alla eldri en 6 mánaða með langvinna og illkynja sjúkdóma, barnshafandi konur, heilbrigðisstarfsmenn sem annast einstaklinga í ofangreindum áhættuhópum og starfsmenn fugla- og svínabúa.

*Guðrún Sigmundsdóttir*